



Umhverfisnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 17.9.2026, 15:00 – 16:55. Staðsetning fundar: Húnabrait 5.

Fundarstjóri:	Erla Jónsdóttir formaður
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Fundinn sátu:	Guðmundur Haukur Jakobsson aðalmaður Auðunn Steinn Sigurðsson aðalmaður Arnór Guðjónsson varamaður fyrir Morgan Bresko
Gestir:	Bergþór Gunnarsson frá Þjónustumiðstöð

Friðrún Fanný Guðmundsdóttir hafði boðað forföll og ekki tókst að boða varamann fyrir hana.

1. M26-08-525 - Úrgangsbókhald

Sigurður Halldórsson, Hafliði Ingason og Thelma Margrét Sigurðardóttir frá PureNorth koma inn á fundinn og kynna úrgangsbókhald.

Bergþór Gunnarsson frá Þjónustumiðstöð sat fundinn undir þessum lið.

Nefndin þakkar Sigurði, Hafliða og Thelmu fyrir góða kynningu og umræður um úrgangsbókhald sveitarfélagsins. Út frá fyrirliggjandi gögnum er ljóst að víða er hægt að gera betur í flokkun úrgangs og mun nefndin nýta þessar upplýsingar til frekari vinnslu.

2. M26-09-593 - Verkefni Þjónustumiðstöðvar tengd umhverfisnefnd

Bergþór Gunnarsson frá Þjónustumiðstöð kemur inn á fundinn.

Bergþór lagði fram yfirlit yfir verkefni sem heilbrigðiseftirlit NV hefur sinnt í sveitarfélaginu, svo sem eftirlit með vatnssýnum og úttekt á vinnuaðstöðu og aðbúnaði á starfsstöðvum. Umræður urðu um tilboð vegna eftirlits með lokuðum urðunarstöðum í Skagafirði og Húnabyggð. Þá fór Bergþór yfir ruslatunnumál í þéttbýlinu og tillögur sem höfðu komið frá umhverfisnefnd um staðsetningu fleiri tunna.

Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að framlagt tilboð til Norðurár bs. frá ReSource vegna eftirlits með lokuðum urðunarstöðum á Skarðsmóum, í Draugagili og á Neðri-Harrastöðum verði samþykkt og að Norðurá bs. verði samningsaðili fyrir hönd sveitarfélagsins um eftirlit á áðurnefndum stöðum. Jafnframt er þjónustumiðstöð falið að bæta við ruslatunnum skv. áðurnefndum tillögum.

Bergþór Gunnarsson vék af fundi eftir þennan lið.

3. M26-04-239 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð

Lögð fram uppfærð samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnabyggð.

Kynnt drög að uppfærðum samþykktum og formanni falið að vinna málið áfram.

4. M26-08-529 - Sorpmóttökustöðvar

Fyrir fundinum lá minnisblað frá sveitarstjóra og samantekt á úrgangsmagni frá Norðurá bs.

Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að opnunartími gámaplans verði aukinn og föstudögum bætt við sem opunardegi, fyrst um sinn. Jafnframt verði opnunartíma á laugardögum breytt, þannig að opið verði kl. 12:00-16:00 í stað 13:00-17:00. Markmiðið er að bæta þjónustu við íbúa og fyrirtæki og auka sveigjanleika varðandi skil á úrgangi. Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði tekið til endurskoðunar að ákveðnum reynslutíma liðnum með hliðsjón af aðsókn, kostnaði og reynslu af breyttum opnunartíma.

5. M26-09-597 - Styrkir til uppbyggingar hleðsluinnviða við fjölbýlishús

Loftslags- og orkusjóður vekur athygli á styrkjum sjóðsins til uppbygginga hleðsluinnviða við fjölbýlishús.

Umhverfisnefnd vill vekja athygli á styrkjum hjá Loftslags- og orkusjóði er snúa að uppbyggingu hleðsluinnviða við fjölbýlishús og gistishús. Umsóknarfrestir eru annars vegar til 1. október og hins vegar til 15. október. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Loftslags- og orkusjóðs.

<https://uos.is/frettir/styrkir-til-uppbyggingar-hledsluinnvida-vid-fjolbylishus>

6. M26-09-596 - Erindi til umhverfisnefndar

Óskað eftir upplýsingum frá umhverfisnefnd varðandi framtíðarstefnu sveitarfélagsins í textilmálum og sorphirðu, í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa átt sér stað á landsvísu varðandi fatasöfnun.

Nefndin þakkar Jennýju Lind fyrir erindið og felur sveitarstjóra að svara því.

7. M26-09-595 - Rammaáætlun

Tillaga í samráðsgátt um virkjanahugmyndir í verndarflokk og átta verndarsvæði.

Lagt fram til kynningar.

8. M26-09-553 - Hljóðvist við Gagnaver á Blönduósi

Skýrsla Heilbrigðiseftirlits um hljóðvist

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að tryggt verði að hljóðvist verði innan viðmiðunarmarka áður en fyrirhuguð stækkun og nýr búnaður hafa verið tekin í fullan rekstur. Byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

Fundi slitið 16:55.